

Rafmagnsöryggissvið Brunamálastofnunar hefur yfirumsjón með rafmagnsöryggismálum á Íslandi, skoðunum á raforkuvirkjum, neysluveitum, öryggisstjórnunarkerfum rafveitna og rafverktaka og markaðseftirliti raffanga. Auk þess löggildir sviðið rafverktaka, annast skráningu og rannsóknir á slysum og tjóni af völdum rafmagns og annast útgáfu á kynningar- og fræðsluefni er varðar rafmagnsöryggi.

Hlutverk rafmagnsöryggissviðs er að hafa eftirlit með vörnum gegn hættu og tjóni af raforkuvirkjum, neysluveitum og rafföngum og truflunum af völdum starfrækslu þeirra.

Skúlagata 21 • 101 Reykjavík • Sími 591 6000 • Fax 591 6001
brunamal@brunamal.is • www.brunamal.is

Staldraðu við áður en þú kaupir

*Skyndihjálp Brunamálastofnunar
fyrir þá sem kaupa inn rafföng*



Brunamálastofnun



Láttu öryggið njóta vafans

Skoðaðu lampa og önnur rafföng vandlega áður en þú kaupir inn.

- Hefur raffangið CE-merkingu? Sem dæmi eiga nánast öll rafföng sem gerð eru fyrir almenna veitukerfið (venjulegt 230V húsarafmagn) að bera CE-merkingu.
- Eru upprunamerkingar á raffanginu? Öll rafföng eiga að vera merkt með nafni framleiðanda eða vörumerki hans og gerðarmerkingu.
- Eru helstu raffræðilegar merkingar á raffanginu? T.d. spennu (V), afl (W) og einangrunarflokkur (class I, class II (□) eða class III (◇)).
- Er EB-samræmisyfirlýsing (EC-declaration of conformity) tiltæk? Ath. að samræmisyfirlýsingin á að vera gefin út af framleiðanda eða fulltrúa hans. Yfirlýsingar eða vottorð „þriðja“ aðila, t.d. prófunarstofu, eru ekki fullnægjandi.
- Fylgja notkunar- og uppsetningarleiðbeiningar? Ath. að leiðbeiningar er varða öryggi eiga að vera á íslensku.
- Eru spennuhafa hlutar snertanlegir?
- Er togfesta aðtaugar, sem tryggir að ekki verði togálag á tengingar, fullnægjandi?
- Eru skarpar brúnir þar sem aðtaugin kemur inn í raffangið?
- Hefur raffangið óeðlilega grannar taugar (víra), þ.e. eru þær grennri en eldspýta?

Skoðaðu málið vandlega áður en þú kaupir og farðu inn á www.brunamal.is ef þú ert í vafa.